

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá gatnagerðargjalda í Akureyrarkaupstað, nr. 590/2007.

3. tl. 7. gr. orðist svo:

Heimilt er að veita lengri gjaldfrest á gatnagerðargjaldi. Óski lóðarhafi eftir lengri gjaldfresti skal hann sækja um gjaldfrestinn til fjármálaþjónustu bæjarins innan 30 daga frá úthlutun lóðar. Heimilt er að lengja frestinn um allt að 12 mánuði frá gjalddaga.

*Akureyri, 20. maí 2009.*

**Inga Þöll Þórgnýsdóttir** bæjarlögmaður.

---

B-deild – Útgáfud.: 4. júní 2009